



Reykjavík, 31. mars 2022
PON220100123

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2023 á Þjónustu- og nýsköpunarsviði

Lögð er fram áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2023 á Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

Hjálagt er áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2023 á Þjónustu- og nýsköpunarsviði



Áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2023

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á Þjónustu- og nýsköpunarsviði

Inngangur

Markmið Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða.

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefur skilgreint eftirfarandi jafnréttismarkmið fyrir sviðið:

- Tryggja áframhaldandi fræðslu um jafnréttis- og fjölbreytileika fyrir allt starfsfólk sviðsins.
- Að vera vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði er virt í hvívetna og unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, koma í veg fyrir hvers kyns mismunun og tryggja að framlag hvers og eins sé metið að verðleikum án tillits til kyns, aldurs og annarra ómálefnalegra þátta sbr. lög nr. 86/2018 og lög nr. 150/2020.

Tafla 2. Yfirlit yfir greiningar sem verið er að vinna á sviðinu með aðferðafræði KFS.

Þjónustubáttur	Þjónusta sem var greind	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Borgarskjalasafn	Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga	2022	600 þ.kr.
Þjónustuhönnun	Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.	2022	100 m.kr.

Verkefnið „Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga“ miðar að því að greina skil á einkaskjalasöfnum til Borgarskjalasafns með aðferðafræði KFS. Markmiðið með þeirri vinnu er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Ef staðan í dag leiðir ekki til jafnréttis verða lagðar til aðgerðir til leiðréttingar.

Verkefnið „Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.“ miðar að því að greina dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem greindur snýr að þjónustuveitingu í þjónustuveri þ.e. framlínu, móttöku símtala, netsamtölum og öðrum samskiptaleiðum borgarinnar við íbúa og fyrirtæki.

Áætlun 2023

Tafla 3. Áætlun um greiningar á árinu 2023.

Þjónustubáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil	Áætluð skil
Upplýsingatækni-þjónusta	Úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks	2023	2023